

Skólaráðsfundur í Glerárskóla 20.10.2014

Mættir: Lára Gunnarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Sigrún Briem fulltrúi hverfisnefndar, Eyrún Skúladóttir skólastjóri. Tómas Lárus Vilbergsson og Fríða Pétursdóttir kennarafulltrúar. Stefán Björnsson og Róbert Orri Heiðmarsson nemendafulltrúar.

Elín E. Magnúsdóttir skráði fundargerð.

Eyrún setti fund og stjórnaði honum.

Starfsáætlun Glerárskóla 2014 – 2015

Áætlunin hafði verið send í tölvupósti. Ábendingar komu frá Fríðu. Varðandi umbun fyrir mætingar var rætt um að talað væri frekar um viðurkenningar. Hitt er annað mál að lítið er um fjármagn til að veita slíkar viðurkenningar og þarf því að skoða með tilliti til þess. Varðandi leyfisveitingar fyrir nemendur úr skóla þarf að breyta orðalagi og vera skýrt að það eru forráðamenn sem þurfa að sækja um leyfið. Vinna þarf meira með skólareglurnar á skólaárinu. Að öðru leyti voru fundarmenn sáttir við starfsáætlunina og hún samþykkt af hendi skólaráðs.

Foreldradagur, haustfrí og þemadagar

Foreldradagurinn gekk vel. Haustfrí er framundan hjá nemendum og kennurum. Undirbúningur fyrir þemadaga er byrjaður en þemadagar verða 12. og 13. nóvember. Bar aðeins á umræðu í foreldraviðtölum um slitrótt skólastarf hjá nemendum í október.

Reykjaferð 7. bekkjar

Ákveðið að fresta umræðu um þetta mál til næsta fundar þar sem enginn foreldrafulltrúi var mættur á fundinn.

Reglur Glerárskóla um farartæki á hjólum

Reglunum var nýlega breytt á þann veg að hjólavellinum er nú skipt á milli bekkja. Skólaráð setti sig ekki á móti nýjum reglum.

Skólareglur

Skólareglur þarf að endurskoða í vetur. Stýrihópur um skólanámskrá heldur utan um vinnu við breytingar á reglunum.

Skólanámskrá – vinna í skólanum

Stýrihópur um skólanámskrá heldur utan um vinnuna. Bráðlega verður hafist handa við að vinna með námssviðin og útfæra þau í skólanámskrá.

Námsmat í grunnskólum – bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Bréf ráðuneytisins er dagsett 10. september og er kynning á breyttu námsmati miðað við aðalnámskrá. Bréfið barst skólanum ekki formlega fyrr en í síðustu viku en hafði áður verið sent til svonefndara hagsmunaaðila. Svo virðist sem skólarnir hafi ekki verið taldir þar með. Hægt verður að senda ályktanir um bréfið fram til 27. október en fresturinn hafði verið framlengdur frá því sem áður var boðað. Eyrún fór yfir bréfið. Þau fræðilegu rök sem liggja að baki ákvörðunum Menntamálaráðuneytisins koma ekki fram í bréfinu.

Önnur mál

Sparkvöllurinn. Spurt var hvort unglíngarnir væru að nýta völlinn í löngu frímínútum þegar þeir eiga völlinn. Nemendur töldu að það væri lítil nýting þegar farið væri að kólna.

Frisbee golf. Silla sagði frá því að hverfisnefndin muni sjá til þess að Frisbee golf verði sett í nálægð við skólann.

Körfuboltakörfur vantar við skólann. Gott væri að hafa þær misháar.

Hér viku nemendur af fundi áður en síðasta mál var tekið fyrir.

Fjármál

Ekki er búið að leggja fyrir fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Búast má við fækkun tíma vegna fækkunar nemenda sem hefur verið viðvarandi síðustu árin. Árgangastærðir eru óhagstæðar og því verða einhverjar breytingar. Eyrún fór yfir helstu tölur ársins í ár.

Fleira ekki fært til bókonar

Elín E. Magnúsd.